Reykjavík, 9. nóvember 2026
IER26100017
ESH/KHV

Strætó bs.
Guðmundur Jóhann Jónsson, formaður stjórnar
Hesthálsi 14
110 Reykjavík

Fyrirspurn Strætó bs. til endurskoðunarnefndar

Vísað er til erindis Strætó bs. til endurskoðunarnefndar dags. 29. október 2026 sem lagt var fyrir á fundi nefndarinnar þann 3. nóvember sl.

Erindi I

Stjórn Strætó hefur óskað eftir að Deloitte haldi áfram sem innri endurskoðandi hjá Strætó út starfstíma Strætó en gert er ráð fyrir að Strætó verði slitið í lok árs 2028. Óskað er umsagnar endurskoðunarnefndar um málið.

Endurskoðunarnefnd Strætó telur, með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum, ekkert því til fyrirstöðu að Deloitte gegni áfram hlutverki innri endurskoðanda Strætó bs. út starfstíma byggðasamlagsins.

Erindi II

Þar sem ljóst er að Strætó verður slitið í lok árs 2028 er óskað eftir því að endurskoðunarnefnd Strætó láti í ljós álit sitt á því hvaða áhrif þetta getur haft á reikningsskil Strætó. Sem dæmi eru í efnahagsreikningi fært til eignar verðmæti vagna sem eru afskrifaðar á 12 árum og vafamál hvort við slit endurspegli það verðmæti sem mögulega hægt væri að fá fyrir þá við sölu. Óskað er eftir áliti á því hvort breyta þurfi reikningsskilum eða hvað þarf að hafa í huga þau tvö síðustu ár sem eftir eru af starfstíma Strætó bs.

Að mati endurskoðunarnefndar hefur sú ákvörðun að starfsemi Strætó bs. ljúki í lok árs 2028 verulega þýðingu við gerð reikningsskilanna. Nauðsynlegt er að yfirfara forsendur um nýtingartíma og hrakvirði rekstrarfjármuna, þar á meðal vagna, og meta hvort bókfært virði eigna sé endurheimtanlegt í ljósi fyrirhugaðra slita. Jafnframt þarf að meta þörf á upplýsingagjöf um fyrirhuguð slit og áhrif þeirra á fjárhag félagsins.

Endurskoðunarnefnd telur að við reikningsskil verði að fara fram sérstakt mat á því hvort forsenda um áframhaldandi rekstur sé viðeigandi fyrir yfirstandandi ár. Þegar talið verður að sú forsenda eigi ekki lengur við þarf að gera reikningsskilin á öðrum grunni og endurmeta virði eigna og skulda með hliðsjón af fyrirhuguðum slitum.

f.h. endurskoðunarnefndar
Einar S. Hálfdánarson, formaður

Afrit:
Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri